

Miðvikudagurinn 16. desember 1998 kl. 10:00

118. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 47/1998

**Kvörtun Sólar-Víking hf. yfir auglýsingum
Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. á Orku**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 1. september 1998, frá Hreini Loftssyni hrl. sem fyrir hönd Sólar-Víking hf. kvartar yfir auglýsingum Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. á drykknum Egils Orku. Auglýsingar þær sem hér um ræðir eru sjónvarpsauglýsing, veggspjöld og dreifimiðar.

Í erindinu kemur fram að drykkirnir Magic frá Sól-Víking og Orka frá Ölgerðinni séu keppinautar á sviði svokallaðra orkudrykkja. Sól-Víking telur að markaðssetning og auglýsingar á Orku hafi að mestu leyti snúist um rangan og villandi samanburð við Magic. Sól-Víking telur að samanburðarauglýsingar Ölgerðarinnar feli í sér brot á 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Síðan segir:

„Því er þess hér með krafist að auglýsingar á Egils X Orku þar sem slagorðið „Kraftmeiri orkudrykkur – meira af öllu“ verði bannaðar. Í auglýsingum fyrir Egils X Orku kemur greinilega fram að átt er við að meira sé af öllum orkuvirkum efnum í Egils X Orku en í Magic þar sem síðan segir: „Sé miðað við hlutfall orkuvirkra efna í Egils X Orku er orkan fimmföld á við aðra leiðandi orkudrykki“. Í lok setningarinnar er svo stjarna sem vísar neðst í auglýsinguna þar sem fram kemur að með samanburðinum sé átt við Magic Energy Kick! Það fer því ekki fram hjá neytandanum að boðskapur auglýsinganna er að meira sé af öllum orkuvirkum efnum í Egils X Orku en í Magic. Þessi staðhæfing er hins vegar röng og villandi og til þess fallin að hafa áhrif á eftirspurn eftir vörunum. Því er þess einnig krafist að Ölgerðinni verði bannað að auglýsa með þessum ranga og villandi samanburði á drykkjunum.“

Í erindinu segir að grundvallarregla í samkeppnisrétti sé að framleiðendur markaðssetji vörur á eigin forsendum en noti ekki nafn og viðskiptavild annarra sér til framdráttar. Nýlegt bann samkeppnisráðs, sbr. ákvörðun nr. 25/1998, á sjónvarpsauglýsingu Ölgerðarinnar á Orku komi ekki í veg fyrir að fyrirtækið beiti áfram röngum og villandi samanburði. Síðan segir:

„Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. samkeppnislaga mega auglýsingar ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum sakir forms síns. Samkvæmt orðum greinargerðar með 2. mgr. 21. gr. samkeppnislaga getur ótilhlýðilegt form komið fram í samanburði við vörur frá öðrum. Það verður að teljast ótilhlýðilegt að villandi upplýsingum sé miðlað til neytenda. Þessi villandi samanburður er eyðileggjandi fyrir ímynd og viðskiptavild Magic. Magic hefur, eins og auglýsing Ölgerðarinnar segir réttilega, verið leiðandi orkudrykkur á íslenskum markaði síðan hann kom á markað árið 1996 og nýtur mikillar viðskiptavildar.

Skilja verður auglýsingar Ölgerðarinnar þannig að magn orkuvirkra efna sem finnast í jafn miklu magni af Egils X Orku og af Magic sé fimmfalt meira í Egils X Orku. Þessi fullyrðing getur ekki staðist og því krefst umbjóðandi minn þess að Ölgerðinni verði bannað að auglýsa á þennan hátt án þess að færa nokkrar sönnur á mál sitt.

Fyrir utan það að á umbúðum Magic kemur fram að drykkurinn innihaldi leyfilegt hámark koffeins, þ.e. 135 mgr. í 1 lítra, eru á hvorugum umbúðum drykkjanna upplýsingar um styrk þeirra efna sem um ræðir. Samanburður af þessu tagi hlýtur því að vera mjög hæginn.

Þau orkuvirku efni sem um er að ræða eru kolvetni, koffein og ginseng. Kolvetnisinnihald drykkjanna er ólíkt þar sem að kolvetnið í Magic kemur nær allt úr þrúgusykri en í Egils X Orku er sykri bætt við þrúgusykurinn. Munurinn er sá að líkaminn getur nýtt orkuna úr þrúgusykri mun fyrr en úr venjulegum sykri en markmið orkudrykkja er að líkaminn fái aukna orku strax. Ómögulegt er fyrir neytandann að átta sig á því í hvorum drykknum sé meira af þrúgusykri. Ekki er skylda til að greina frá styrk ginsengs í innihaldi drykkja og er hann ekki tilgreindur á umbúðum drykkjanna. Því er ógerlegt fyrir neytandann að átta sig á hvort fimmfalt meira er af ginsengi í Egils X Orku en í Magic. Varðandi koffeinið þá kemur eins og áður sagði fram á umbúðum Magic að í honum er leyfilegt hámarksmagn koffeins. Ef innihald Egils X Orku

er í samræmi við það sem leyfilegt er þá getur ekki verið fimmfalt meira af koffeini í Egils X Orku en í Magic.“

Að lokum er þess krafist að auglýsingar Ölgerðarinnar, þar sem slagorðið „Kraftmeiri orkudrykkur – meira af öllu“ og/eða staðhæfingin „Sé miðað við hlutfall orkuvirkra efna í Orku er orkan fimmföld á við aðra leiðandi orkudrykki“, verði bannaðar.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Sólar-Víking var sent Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni til umsagnar þann 7. september sl. Svar Ölgerðarinnar er dags. 16. september. Í svarinu er rakið að einkenni frjálsrar samkeppni sé að nýjar vörur geti komið óhindrað inn á markað. Þeir sem fyrir eru á markaði og náð hafi árangri muni alltaf draga að sér keppinauta og geti ekki búist við að standa einir að markaði sem óheftur aðgangur sé að. Sá sem komi nýr inn á markað muni alltaf taka mið af ríkjandi vörutegund. Síðan segir:

„Innkoma Ölgerðarinnar (um miðjan júní) með „Egils Orku“ á markað sem snýr að svokölluðum orkudrykkjum getur ekki fallið undir það að Ölgerðin hafi notað „þekkt nafn eða viðskiptavild annarra til framdráttar á eigin vöru“ enda skyldleikinn við aðra á markaði enginn í nafngift eða umbúðum, sem er sú leið sem margir aðrir hafa farið til að villa á sér heimildir og villa um fyrir neytendum.

Þær auglýsingar, sem Ölgerðin hefur látið gera og birst hafa í blöðum og tímaritum og í sjónvarpi (eftir athugasemdir Samkeppnisstofnunar), sýna vöruna með slagorðinu „Meira af öllu“. Í engum þessara auglýsinga er verið að vísa í aðrar sambærilegar vörur á markaði og því ekki verið að „beita samanburði við þá afurð sem verið er í samkeppni við á þann hátt að röngum og villandi upplýsingum sé miðlað til neytenda“ eins og segir í kvörtunarbréfi frá 1.9.1998. Dreifimiði sá sem vitnað er í um samanburð við „Magic“ var tekinn úr umferð í byrjun júlí og hefur hvorki verið notaður síðan eða staðið til að gera það í framtíðinni.

Til grundvallar slagorðinu voru lagðar mælingar á innihaldi sem framkvæmdar voru af utanaðkomandi rannsóknastofu og sýna að meira sé af orku í „Egils orku“ en „Magic“, en orka er ávallt reiknuð út frá magni kolvetna, fitu og eggjahvítu í matvælum og vert er að taka fram að koffein er ekki orkuefni. Slagorðið „Kraftmeiri orkudrykkur“ stendur óhaggað hvort sem miðað er við orkumagn í styrk (magn í 100 ml) eða skammti og þannig er um meira orkuinnihald að ræða í „Egils Orku“ borið saman við „Magic“. Í báðum tilfellum er innihaldsins neytt á skömmum tíma. Sé rætt um orkuinnihald er í „Egils orku“ 50 kkal í 100 ml en uppgefið orkuinnihald í „Magic“ er 40 kkal. Þessu til viðbótar er Egils orka í 500 ml flöskum en Magic í 250 ml dósnum fyrir sambærilegt verð, sem styður enn við fullyrðinguna „Meira af öllu“.

Að lokum kemur fram að Ölgerðin telur að ekki sé vegið að keppinautum fyrirtækisins með slagorðinu eða auglýsingum á Orku.

2.

Svar Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar var sent Sól-Víking til umsagnar. Svar lögmanns fyrirtækisins er dags. 22. september sl. Þar segir að í svari Ölgerðarinnar felist staðfesting á að verið sé að nota nafn og viðskiptavild annarra til framdráttar Orku. Fram komi í svari Ölgerðarinnar að slagorðið „Meira af öllu“ vísi beint til Magic. Síðan segir:

„Ef vígorðið ætti einungis við þau orkuefni sem talin eru upp í svarbréfi Ölgerðarinnar, þ.e. kolvetni, fitu og eggjahvítu, þá fæli vígorð Ölgerðarinnar einnig í sér ranga fullyrðingu því samkvæmt innihaldslýsingu drykkjanna er engin eggjahvíta (prótein) í Egils Orku en u.þ.b. 0,5 grömm af eggjahvítu eru í 100 ml af Magic. Fita er í hvorugum drykknum. Fullyrðingin er því röng bæði varðandi fitu og eggjahvítu. Beri einungis að skilja vígorðið þannig að Egils Orka sé orkumeiri, þ.e. hitaeningameiri, þá er það augljóslega til þess fallið að villa um fyrir neytendum, að auglýsa með þeirri röngu fullyrðingu eins og Ölgerðin hefur gert, að hlutfall orkuvirkra efna sé fimmfalt í Egils Orku á við Magic. Til að þessi fullyrðing stæðist þyrfti orkuinnihald Egils Orku að vera fjórfalt meira en það er, þ.e. 200 kkal/100 ml í stað 50 kkal/100 ml!! Ljóst er, að Ölgerðin fer mjög frjáltslega með staðreyndir í þessu máli og að fullyrðingar af þessu tagi eru villandi fyrir neytendur.

Samkvæmt nýlegri ákvörðun samkeppnisráðs nr. 34/1998 var lagt bann við vígorði sem gaf tilefni til beins samanburðar á drykkjum Ölgerðarinnar og Sólar-Víking...

Í auglýsingum á Egils Orku koma á eftir vígorðinu „Kraftmeiri orkudrykkur – meira af öllu“ með stórum stöfum efnisheitin ginseng, guarana og koffein. Ef vígorðið á ekki að vísa til þess að meira sé af öllum þessum efnum í Egils Orku en í Magic, þá er framsetningin afar villandi gagnvart neytendum.

Staðreyndin er sú, að með vígorði og auglýsingum Ölgerðarinnar er ekki aðeins átt við að Egils Orka sé hitaeiningaríkari en Magic. Gera verður ráð fyrir að allir geri sér ljóst, að munurinn á orkuinnihaldi drykkjanna, 40 kkal/100 ml og 50 kkal/100 ml, er ekki fimmfaldur og því ekki sannfærandi að Ölgerðin hafi frá upphafi markaðssetningar sinnar á Egils Orku aðeins átt við orkuinnihald með vígorði sínu. Með vígorðinu er átt við að meira sé af þeim efnum sem slegið er fram í auglýsingunni. Ginseng, guarana og koffein. Hinn almenni neytandi virðist a.m.k. skilja vígorðið sem svo, eins og sjá má í... umfjöllun Frjálsrar verzlunar um orkudrykki. Það er hins vegar rangt að meira sé af öllum þessum efnum í Egils Orku en í Magic. Vígorðið er því rangt, til þess fallið að villa um fyrir neytendum og er ætlað að hafa áhrif á eftirspurn.“

Að lokum segir að innihaldsmælingar Ölgerðarinnar séu ekki gerðar í samráði við Sól-Víking. Fyrirtækið hafi ekki getað sannreynt niðurstöðurnar og mótmælir því að á mælingunum verði byggt í málinu. Með auglýsingum á Orku sé vegið með ólögmætum hætti að hagsmunum Sólar-Víking. Þá eru kröfur um bann við auglýsingum á Orku ítrekaðar.

3.

Svar Sólar-Víking var sent Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni til umsagnar og barst svar fyrirtækisins dags. 2. október 1998. Þar segir:

„Slagorðið, sem Ölgerðin hefur látið gera og birst hefur í blöðum og tímaritum og í sjónvarpi „Meira af öllu“, vísar ekki í neinum þessara auglýsinga í aðrar sambærilegar vörur á markaði og því ekki verið að „beita samanburði við þá afurð sem verið er í samkeppni við á þann hátt að röngum og villandi upplýsingum sé miðlað til neytenda.“ En eins og öllum er ljóst sem á samkynjavörumarkaði starfa bera bæði framleiðendur og neytendur alltaf saman nýjar vörur við ríkjandi vörur, slíkt er eðli samkeppni og markaða og hjá því verður aldrei komist og aldrei hægt að banna.

Til grundvallar slagorðinu voru lagðar mælingar á innihaldi sem framkvæmdar voru af utanaðkomandi rannsóknastofu og sýna að meira sé af

orku í „Egils Orku“ en öðrum samkynjavörum. Þessu til viðbótar er Egils orka í 500 ml flöskum en allar aðrar samkeppnisvörur í 250 ml dósum fyrir sambærilegt verð, sem styður enn við fullyrðinguna „Meira af öllu“.

...Sé rætt um orkuinnihald er í „Egils orku“ 50 kkal í 100 ml en uppgefið orkuinnihald í „Magic“ er 40 kkal. Varðandi umfjöllun um eggjahvítuefni (prótein), þá skipta þau ekki máli, í þessu samhengi. Orkan í báðum drykkjunum kemur fyrst og fremst úr kolvetnum...“

Að lokum segir í svarinu að Ölgerðin geti ekki séð að með auglýsingum eða slagorði um Orku hafi verið vegið að keppinautum og engar efnislegar forsendur séu fyrir banni á slagorðinu.

4.

Á fundi auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þann 21. október 1998 var mál þetta til umfjöllunar. Fundinn sátu Atli Freyr Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaða nefndarinnar var eftirfarandi:

„Nefndin telur ljóst að fullyrðing á dreifimiða um að orkan í Orku sé fimmföld á við aðra orkudrykki standist ekki. Þar sem Ölgerðin hefur tekið dreifimiðann úr umferð telur nefndin að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna hans.

Auglýsinganefnd telur að fullyrðing Ölgerðarinnar um „Kraftmeiri orkudrykk“ standist þar sem Orka er orkuríkari drykkur en t.d. Magic, þ.e. Orka inniheldur 50 kkal í 100 ml en Magic inniheldur 40 kkal í 100 ml.

Hvað varðar fullyrðinguna um „Meira af öllu“ telur auglýsinganefnd að af gögnum málsins megi ráða að Ölgerðin sé að vísa til þess að umbúðir Orku séu stærri en umbúðir keppinauta og að í Orku sé meiri orka m.v. kkal. Auglýsinganefnd telur að ef til vill megi misskilja auglýsingar Ölgerðarinnar þannig að verið sé að vísa til þeirra efna sem Orka inniheldur þar sem þau eru einnig tilgreind. Auglýsinganefnd fer þess á leit að Samkeppnisstofnun beini þeim tilmælum til Ölgerðarinnar að skýrar komi fram hvað átt sé við með fullyrðingunni „Meira af öllu“ þannig að fram komi að ekki sé verið að vísa til einstakra efna sem varan inniheldur.“

5.

Í framhaldi af niðurstöðu auglýsinganefndar sendi Samkeppnisstofnun hinn 26. október bréf til Ölgerðarinnar þar sem niðurstaða nefndarinnar var kynnt. Þeim tilmælum var beint til fyrirtækisins að gæta þess framvegis í auglýsingum á Orku að fullyrðingin „*Meira af öllu*“ vísi ekki til einstakra efna sem varan innihaldi. Þá var bent á að ef slíkt væri gert væri auglýsingin villandi. Afrit bréfsins var sent lögmanni Sólar-Víking og jafnframt var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við þessi málalok.

6.

Bréf barst frá lögmanni Sólar-Víking, dags. 9. nóvember sl., þar sem fram kemur að fyrirtækið telji aðeins hægt að fallast á hluta af niðurstöðu auglýsinganefndar. Í bréfinu segir:

„Í fyrsta lagi fer umbjóðandi minn fram á það, að ráðið banni auglýsingar þar sem eftirfarandi fullyrðing er sett fram: „Sé miðað við hlutfall orkuvirkra efna í Egils Orku er orkan fimmföld á við aðra leiðandi orkudrykki * Magic Energy Kick“. Niðurstaða auglýsinganefndar þess efnis að þessi fullyrðing standist ekki er vissulega rétt, en umbjóðandi minn telur sig hafa af því hagsmuni að auglýsingar með þessari fullyrðingu verði bannaðar. Engin trygging liggur fyrir því að Ölgerðin hafi tekið úr umferð dreifimiða og veggspjöld sem geyma þessa fullyrðingu.*

*Í öðru lagi er þeim skilningi auglýsinganefndar mótmælt að vígorðið „Kraftmeiri orkudrykkur“ standist, þar sem Egils Orka sé orkuríkari drykkur en t.d. Magic, 50/kkal í 100 ml á móti 40/kkal í 100 ml í Magic. Þrátt fyrir að í Egils Orku séu fleiri hitaeiningar en í sama magni af Magic er vígorðið villandi. Með vígorðinu er **ekki** verið að halda á lofti meiri hitaeiningafjölda Egils Orku. Heiti efnanna ginseng, guarana og koffein, er slegið fram stórum stöfum í kringum vígorðið og er því verið að beina þeim villandi upplýsingum til neytenda að meira sé af þessum orkuvirku efnum í Egils Orku en í Magic. Villandi samanburður á drykkjunum tveimur er í andstöðu við samkeppnislög. Það er rangt að magn þessara efna sé meira í Orku en í Magic, því felur auglýsingin í sér villandi samanburð á Egils Orku og Magic og er því brot á 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.*

Í þriðja lagi telur umbjóðandi minn fráleitt að fallast megi á þann skilning auglýsinganefndar sem fram kemur í bréfi dags. 26. október 1998, að vígorðið „Meira af öllu“ verði þannig skilið, að með því sé átt við það að umbúðir Egils

Orku séu stærri en umbúðir keppinauta og að í Egils Orku sé meiri orka miðað við hitaeiningainnihald. Eðlilegur skilningur á vígorðinu er, að með því sé átt við þau efni sem birtast í auglýsingunum í kringum slagorðið, þ.e. koffein, guarana og ginseng... Vígorðið „Meira af öllu“ fékk þá merkingu þegar í upphafi fyrir neytendum að með því væri átt við að meira væri af öllum orkuvirkum efnum í Egils Orku en í Magic. Við mat á þessu er ekki hægt að líta fram hjá því hvernig Egils Orka var upphaflega kynnt markaðnum, þó að Ölgerðin segist hafa tekið auglýsingar með þessari röngu fullyrðingu úr umferð. Með vígorðinu er gerður rangur og villandi samanburður við Magic Energy Kick.

...Með lýsingarorðinu „mikið“ í miðstigi í vígorðum Ölgerðarinnar er gerður beinn samanburður við Magic, sem var eini orkudrykkurinn á markaðnum þegar Ölgerðin hóf markaðssetningu á Egils Orku... Það verður að teljast ótilhlýðilegt að beita samanburði við þá afurð, sem verið er í samkeppni við á þann hátt að villandi upplýsingum sé miðlað til neytenda. Vígorðið „Meira af öllu“ þar sem heiti efnanna ginseng, guarana og koffein eru sýnd í kring er villandi þar sem það er rangt, að meira sé af þessum efnum í Egils Orku en í Magic...

Því krefst ég þess f.h. umbjóðanda míns, Sólar- Víking hf. að auglýsingar með vígorðinu „Kraftmeiri orkudrykkur – meira af öllu“ þar sem efnisheitin ginseng, guarana og koffein koma í beinu framhaldi af vígorðinu og/eða staðhæfingunni „sé miðað við hlutfall orkuvirkra efna í Egils Orku er orkan fimmföld á við aðra leiðandi orkudrykki- *„Magic Energy Kick“ verði þegar bannaðar.“*

7.

Hinn 10. nóvember 1998 var framangreint bréf Sólar-Víking sent Ölgerðinni til umsagnar. Svar barst, dags. 12. nóvember sl., þar sem segir að fyrirtækið sjái ekki að nein ný efnisatriði hafi komið fram og ítrekar því fyrri rök. Þá kemur fram að frá því að niðurstaða auglýsinganefndar var kynnt fyrirtækinu hafi Ölgerðin ekki verið með neinar auglýsingar tengdri viðkomandi vöru.

III. Niðurstöður

1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 16. desember 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

2.

Í máli þessu er til umfjöllunar kvörtun Sólar-Víking hf. yfir auglýsingum Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. á drykknum Orku. Annarsvegar er um að ræða dreifimiða sem á stendur „Sé miðað við hlutfall orkuvirkra efna í Egils X Orku er orkan fimmföld á við aðra leiðandi orkudrykki“. Í lok setningarinnar er svo stjarna sem vísar neðst í auglýsinguna þar sem fram kemur að með samanburðinum sé átt við Magic drykk Sólar-Víking. Hinsvegar er um að ræða auglýsingar á Orku þar sem segir „Kraftmeiri orkudrykkur – meira af öllu“ þar sem efnisheitin ginseng, guarana og koffein birtast í framhaldi þar á eftir.

Kvartandi telur að auglýsingar Ölgerðarinnar brjóti í bága við ákvæði 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Í 20. gr. segir:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Í 21. gr. segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

3.

Í máli þessu er m.a. deilt um orkuefni og orkuinnihald tveggja sk. orkudrykkja á markaðnum. Í upphafi er því rétt að gera grein fyrir hvað átt er við með þessum hugtökum.

Orkuefni eru þau efni sem gefa líkamanum orku. Orkuefnin eru prótein, fita, kolvetni og vínandi en vínandi er ekki til umræðu hér. Orka er mæld í fjölda hitaeininga (kkal) án tillits til úr hvaða orkuefni hitaeiningin fæst. Aftur á móti gefa orkuefnin af sér mismargar hitaeiningar, þ.e. 1 g af kolvetni og próteini gefa 4 kkal en 1 g af fitu gefa 9 kkal. Því fleiri hitaeiningar sem matvæli innihalda því orkuríkari eru þau. Orka úr kolvetni skilar sér fyrr í líkamanum en t.d. úr fitu. Þá skilar kolvetni úr þrúgusykri sér eitthvað fyrr en kolvetni úr hvítum sykri. Ginseng og koffein eru ekki orkuefni en geta haft örvandi áhrif á líkamann.

Upplýsingar um næringargildi þessara tveggja drykkja koma fram á umbúðum þeirra og er eftirfarandi í 100 ml:

	Orka	Magic
Orka (kkal)	50	40
Prótein (g)	0	<0,5
Kolvetni (g)	12,5	11
Fita (g)	0	0

Engar hlutlausar rannsóknir hafa verið gerðar á því hversu mikið magn ginsengs, guarana og koffeins þessir drykkir innihalda.

Eins og fram hefur komið og sést hér að ofan þá er orkan í Orku (50 kkal) ekki fimmföld á við orkuna í Magic (40 kkal). Samkeppnisráð er því sammála niðurstöðu auglýsinganefndar um að ljóst sé að fullyrðing á dreifimiða Ölgerðarinnar um að orkan í Orku sé fimmföld á við aðra orkudrykki standist ekki. Fullyrðingin er því brot á 21. gr. samkeppnislaga.

Fram hefur komið að Orka kom fyrst á markað í júní sl. og dreifingu fyrrgreinds miða var hætt í byrjun júlí. Þá hefur Ölgerðin lýst því yfir að miðanum verði ekki dreift aftur. Samkeppnisráð telur að ekkert hafi komið fram í málinu sem sýni að miðinn sé enn í dreifingu né að umrædd fullyrðing sé notuð við markaðssetningu Orku.

Lögmaður Sólar-Víking krefst þess að umrædd fullyrðing verði bönnuð með vísan til 51. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð tekur fram að viðurlög samkeppnislaga við brotum gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga felast í banni við ákveðnum athöfnum. Rétt er að hafa í huga að bann tekur aðeins til þess að viðkomandi athöfn sé haldið áfram eða hún endurtekin. Bannið tekur til framtíðar. Jafnframt ber að líta til þess að í lögskýringargögnum kemur fram að áður en bann skv. 51. gr. er lagt á skuli samkeppnisyfirvöld reyna að ná sáttum. Með vísan til alls framangreinds og þess sérstaklega að umrædd fullyrðing er ekki notuð lengur af Ölgerðinni telur samkeppnisráð að ekki séu fyrir hendi skilyrði til að beita viðurlögum samkeppnislaga hvað þetta umkvörtunarefni varðar. Styðst þessi niðurstaða einnig við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Annað umkvörtunarefni Sólar-Víking snýr að auglýsingum Ölgerðarinnar þar sem nöfn innihaldsefna Orku; ginseng, guarana og koffein, birtast á eftir slagorðinu „Kraftmeiri orkudrykkur – meira af öllu“.

Sól-Víking telur að fullyrðingin um kraftmeiri orkudrykk standist ekki þrátt fyrir að fleiri hitaeiningar séu í Orku en Magic. Þá sé slagorðið notað með efnisheitunum ginsengi, guarana og koffeini og villandi upplýsingum sé því beint til neytenda um að drykkurinn innihaldi meira af þessum efnum en Magic.

Þá telur Sól-Víking að ekki verði fallist á að „Meira af öllu“ verði skilið þannig að átt sé við að umbúðir Orku séu stærri en umbúðir keppinauta og að í Orku sé meiri orka miðað við hitaeiningainnihald. Eðlilegt sé að skilja slagorðið þannig að átt sé við innihaldsefni Orku þ.e. ginseng, guarana og koffein. Þá merkingu hafi slagorðið fengið við upphaflega kynningu á markaðnum.

Sól-Víking krefst þess að auglýsingar þar sem efnisheitin ginseng, guarana og koffein koma í beinu framhaldi af slagorðinu „Kraftmeiri orkudrykkur – meira af öllu“ verði bannaðar með vísan til 51. gr. samkeppnislaga.

Ölgerðin heldur því fram í sínum málflutningi að ekki sé átt við að Orka innihaldi meira af ginsengi, guarana og koffeini heldur sé átt við að Orka sé orkuríkari drykkur og magn drykkjarins sé meira en í vöru keppinauta.

Auglýsinganefnd komst að þeirri niðurstöðu að fullyrðingin um „Kraftmeiri orkudrykk“ stæðist þar sem Orka væri orkuríkari drykkur en t.d. Magic þar sem hitaeiningar Orku væru fleiri. Jafnframt komst nefndin að þeirri niðurstöðu að

misskilja megi auglýsingar Ölgerðarinnar hvað varðar fullyrðinguna „Meira af öllu“ þannig að verið sé að vísa til þeirra efna sem Orka innihaldi.

Í framhaldi af niðurstöðu auglýsinganefndar beindi Samkeppnisstofnun þeim tilmælum til Ölgerðarinnar að gæta þess í auglýsingum á Orku að með fullyrðingunni „Meira af öllu“ væri ekki vísað til einstakra efna sem drykkurinn innihaldi. Í kjölfar tilmæla Samkeppnisstofnunar til Ölgerðarinnar breytti fyrirtækið auglýsingum sínum þannig að nú er einungis sýnd flaska af Orku og undir birtist slagorðið „Meira af öllu“.

Samkeppnisráð telur að með fullyrðingunni um „Kraftmeiri orkudrykk“ sé Ölgerðin að vísa til þeirrar orku sem líkaminn fær við neyslu drykkjarins. Með vísan til þess að hitaeyning er mælieining orku, er samkeppnisráð sammála áliti auglýsinganefndar um að Orka sé orkuríkari drykkur en Magic. Ginseng, guarana og koffein eru ekki orkuvirk efni heldur hafa þau örvandi áhrif á líkamann.

Samkeppnisráð telur að ósannað sé að Orka innihaldi meira af ginsengi, guarana og koffeini og sé fullyrðingin „Meira af öllu“ notuð í samhengi við efnisheitin sé auglýsingin villandi og brot á 21. gr. samkeppnislaga.

Eins og fram hefur komið hefur Ölgerðin farið að tilmælum Samkeppnisstofnunar um að með fullyrðingunni „Meira af öllu“ komi ekki fram heiti þeirra efna sem Orka inniheldur. Þannig er einungis vísað til magns og orkuinnihalds Orku.

Lögmaður Sólar-Víking krefst þess að auglýsingar þar sem efnisheiti Orku koma fram í kjölfar slagorðsins „Kraftmeiri orkudrykkur – meira af öllu“ verði bannaðar með vísan til 51. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur, með vísan til þess að Ölgerðin hefur farið að tilmælum Samkeppnisstofnunar og breytt auglýsingum á Orku og þess sem hér að framan greinir um að bann skv. 51. gr. samkeppnislaga taki til þess að athöfn sé haldið áfram eða hún endurtekin, sé ekki ástæða til að aðhafast frekar í máli þessu. Jafnframt vísast í þessu sambandi til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

IV.
Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur ekki ástæðu til að hafast frekar að vegna erindis Sólár-Víking hf.“